



# Upplýsingar um fylgigögn

## Almennt um fylgigögn og staðfestingar

Umsækjanda er bent á að eiga afrist af öllum gögnum sem afhent eru með umsókn. Ef umbeðin fylgigögn vantar eða ef þau eru ekki fullnægjandi er **umsókn hafnað** og ökutækið fæst hvorki tollafgreitt né nýskráð. Samgöngustofa áskilur sér 21 dag til afgreiðslu umsókna.

## Upplýsingar um fastanúmer með tölvupósti:

Mikilvægt er að tilgreina netfang og/eða farsímanúmer á umsókn, en upplýsingar um fastanúmer eru sendar með tölvupósti og SMS að lokinni forskráningu.

## Áskilin fylgigögn:

**Erlent skráningarskírteini / titilsbréf:** Framvísa skal erlendu skráningarskírteini eða, ef við á, titilsbréfi (t.d. "Certificate of Title" frá Bandaríkjunum) þegar sótt er um forskráningu á notuðu ökutæki. Framvísa þarf frumriti skráningarskírteinis eða titilsbréfs.

**Vottorð framleiðanda eða viðurkenndrar tækniþjónustu með áskildum upplýsingum um ökutæki:** Vottorð sem inniheldur þær upplýsingar sem krafist er svo unnt sé að forskrá ökutæki. Framvísa þarf frumriti vottorðsins og á því skal koma fram verksmiðjunúmer ökutækisins. Ef þessar upplýsingar koma fram á erlenda skráningarskírteininu eða titilsbréfinu telst það fullnægjandi.

**Viðurkennd tækniþjónusta:** Stofnun eða aðili innan EES sem er tilnefndur sem prófunarstofa til að annast prófanir eða sem samræmismatsaðili fyrir hönd viðurkenningaryfirvalds, eða viðurkenningaryfirvald, ef það á við. Lista yfir viðurkenndar tækniþjónustur má nálgast í gegnum heimasíðu Samgöngustofu: (<http://www.samgongustofa.is/umferd/okutaeki/okutaekjaskra/listar/>).

**Farmbréf:** Framvísa þarf farmbréfi (Bill of Lading, Air Waybill, Sea Waybill, Waybill) þar sem umsækjandi er tilgreindur innflytjandi og verksmiðjunúmer ökutækis kemur fram. Ef farmbréf er ekki gefið út þarf að framvísa staðfestingu á flutningi ökutækis þar sem fram kemur nafn innflytjanda og verksmiðjunúmer ökutækis. Ekki þarf farmbréf eða staðfestingu á flutningi ef umsækjandi er eigandi skv. framlögðu skráningarskírteini eða á akstursleyfi tollstjóra. Farmbréfið má vera í ljósriti.

## Viðbótargögn fyrir tiltekna ökutækisflokk:

**Teikning af hópþefreið og eftirvagni til farþegaflutninga:** Framvísa þarf málsettri teikningu af stærð, sætaskipan og farangursgeymslum í mælikvarðanum 1:20 eða 1:25. Sjá nánar upplýsingaskjal um hópþefreiðir (US.310).

**Teikningar af eftirvagni, hjólhýsi, fellihýsi og tjaldevagni með leyfða heildarþyngd yfir 750 kg:** Teikning af ökutækinu með öllum aðalmálum og kerfismynd af hemlakerfi eða staðfesting frá framleiðanda á því að hemlakerfi ökutækis sé af tiltekinni tegund og uppfylli EB-staðla. **Á ekki við ökutæki áður skráð innan EES.**

**Teikningar af hjólhýsi, fellihýsi og tjaldevagni með leyfða heildarþyngd 750 kg og undir:** Fylgja þarf teikning með öllum aðalmálum. Ekki eru gerðar kröfur um mælikvarða teikningarinnar. **Á ekki við ökutæki áður skráð innan EES.**

## Pöntun skráningarmerkja – flýtipöntun.

Til að flýta fyrir skráningu ökutækis býst umsækjanda að panta skráningarmerki um leið og umsókn er lögð fram. Greiða þarf fyrir skráningarmerkin við pöntun. Nauðsynlegt er að tilgreina tegund og stærð skráningarmerkja. Skráningarmerki eru pöntuð frá framleiðanda að lokinni forskráningu og berast Samgöngustofu á þriðja degi frá pöntun. Hægt er að óska eftir flýtipöntun gegn sérstöku flýtigjaldi, og eru þá skráningarmerkin öllu jafna tilbúin næsta virka dag eftir að forskráningu er lokið. Skráningarmerki eru send á skoðunarstofu að lokinni forskráningu. Ef einkamerki eiga að fara á ökutækið skal haka við „ekki panta merki“ á umsókn.

## Greiðsla skráningarmerkja.

Hægt er að greiða fyrir skráningarmerki hjá þjónustufulltrúa Samgöngustofu við innlögn gagna. Ef merkt er við „Ekki panta merki“ þá má hafa samband við þjónustudeild Samgöngustofu eða skoðunarstöð eftir að forskráningu er lokið.

## Nýskráningarbeiðni.

Að lokinni forskráningu er gefin út nýskráningarbeiðni. Ef umsækjandi tilgreinir netfang er beiðnin send með tölvupósti að lokinni forskráningu. Ef netfang er ekki tilgreint er hægt að nálgast nýskráningarbeiðni hjá Samgöngustofu eða á skoðunarstofu.

## Skoðun á skoðunarstofu:

Fyrir nýskráningu þarf að færa ökutæki til samanburðar- eða skráningarskoðunar á faggiltri skoðunarstofu þar sem gengið er úr skugga um að um rétt ökutæki sé að ræða, að merkingar á búnaði þess séu í lagi og ástand þess að öðru leyti í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja. Ef skoðunarstofa er tilgreind á umsókn og gengið hefur verið frá greiðslu fyrir skráningarmerki, eru þau send þangað að lokinni forskráningu.

## Lönd innan EES:

Upplýsingar um aðildarlönd EES: [http://europa.eu/abc/european\\_countries/index\\_en.htm](http://europa.eu/abc/european_countries/index_en.htm).